



FÉLAGS- OG
TRYGGINNAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804

postur@fel.stjr.is

www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 16. febrúar 2009


Tilv.: FEL09020045/506-0

Stjórnmálflokkar velja um þessar mundir frambjóðendur á lista fyrir kosningar til Alþingis. Ég minni á hlutverk flokkanna við að tryggja konum og körlum jafna hlutdeild í lýðræðislega kjörnum stofnunum samfélagsins, ekki síst á Alþingi. Í umróti síðustu mánaða hefur gagnrýni á skertan hlut kvenna í hvers kyns valda- og áhrifastöðum verið hávær. Frá samféluginu hefur komið skýr krafa um að endurreisin þess þurfi að hvíla á virðingu fyrir jafnrétti kynjanna og að ójafn hlutur kynjanna á Alþingi verði leiðréttur.

Brýnt er að stjórnmálflokkarnir móti sér reglur er tryggi að hlutur kynjanna á framboðslistum verði sem jafnastur, ekki síst í þeim sætum sem gera má ráð fyrir að skili frambjóðendum inn á þing. Í alþingiskosningunum 2003 voru konur 43% frambjóðenda en hlutur þeirra á þingi varð einungis 30,2%. Í alþingiskosningunum 2007 voru þær 47% frambjóðenda, en urðu 31,7% þingmanna. Líkur hvers kvenframbjóðanda á að ná sæti á Alþingi höfðu þá minnkað frá því sem verið hafði fjórum árum áður. Minna má á að hlutur kvenna varð mestur eftir kosningarnar 1999 fyrir réttum tú árum eða 34,9%.

Líkur eru á að efnahagsástandið letji konur fremur en karla til að gefa kost á sér á framboðslista í ljósi þess að þær beri meiri fjölskylduábyrgð en karlar. Versnandi efnahagur heimilanna gæti því orðið til þess að færri konur gæfu kost á sér en áður. Þessu þurfa stjórnmálflokkarnir að vera vakandi fyrir og hvetja konur sérstaklega til þátttöku svo efnahagsástandið verði ekki til þess að auka enn frekar ójafnvægi milli kynjanna á Alþingi.

Ég hvet forsvarsmenn stjórnmálflokkanna til að tryggja jafnræði kynjanna við uppröðun á listum svo hlutur kvenna og karla verði sem jafnastur á Alþingi að kosningum loknum.



Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir